

Blóm og ávextir.

(Dýddur útdráttur eftir R. Collyer).

Fyrst er að komast að raun um það, að hjá okkur öllum hljóta fyrirheitin að vera stærri en það sem fram kemur síðar, ef nokkuð verulega gagnlegt á að finnast hjá oss á annað borð; og að sérstaklega í æsku getur verið um mjög lítið nema fyrirheiti að ræða, ef oss er leyft að lifa eins og Guð hefir ætlast til að vér lifðum, og þeir sem elska oss og annast, sjálfra vor vegna, eru nógu framsýnir til að sjá, að við meiru er ekki hægt að búast af oss. Góður garðyrkjumaður leitar ekki að ávöxtum á ungu tré og óskar ekki eftir að finna þá þar, því hann veit að það mundi eyðileggja tréð. Hann er ánægður með að sjá ungvíðið standa og fella blóm í grasið aftur og aftur og hann bíður eftir að ávextir komi með tímanum.

Hann segir að krafturinn sé að safnast í rótum og stofni, sem með tímanum beri ávexti og launi honum alla sína bið. Það er sorglegt að sjá feður og mæður, sem fara ekki jafn hyggilega með börn sín og garðyrkjumaður með ungvíði sitt, sem eru ekki ánægð með að láta barnið vera barn og ekkert meira, heldur íþyngja hinni uugu plöntu með kröfum, sem ættu að vera fyrir hið sterka og fullvaxna tré.

Feður og mæður ættu að vera ánægð með að vernda ungvíðið fyrir öllum yrmlingum, sem grafa sig inn að rótinni eða stinga stofninn, þau ættu að sjá um að jarðvegur sá, sem það fær styrk og næringu úr, sé góður, halda því beinu og réttu, og láta sólina skína á það og dögga æskunnar styrkja það. Feður og mæður ættu að vera ánægð með alt þetta og blómgunina í tilbót, í stað þess að knýja æskuna til starfs, meðan vonin ein um það sem muni verða síðar er hin bezta Guðs gjöf.

Það er mín skoðun, byggð á eigin reynslu, að ekki ætti að búast við neinu af hálfþroskaðri æskunni, sem ekki er náttúrlegt og henni samboðið. Að ímynda sér að börn geti aldrei of snemma byrjað að bera byrðar lífsins, ef hægt er að koma í veg